



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **17-145U011**

Dagsetning: **28. ágúst 2017**

Staðsetning: **Valhallarbraut, Reykjanesbæ**


Atvik: **Fall úr bifreið**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Að kvöldi 28. ágúst 2017 féll farþegi út úr leigubifreið á ferð. Hann lést af völdum áverka sem af slysinu hlutust nokkrum dögum síðar á spítala.

Staðsetning



Látinn:

38 ára karl

Veður og birta:

Myrkur, þurr og skýjað

Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 50 km/klst. Þurr yfirborð.

Tími sólarhrings:

Kl. 23:15

Ökutæki:

Hyundai Trajet, nýskráð 10.7.2003

Lýsing á slysi

Að kvöldi mánudagsins 28. ágúst 2017 tók karlmaður leigubifreið frá flugstöð Leifs Eiríkssonar að hóteli í Reykjanesbæ. Að sögn ökumanns leigubifreiðarinnar náðist ekki greiðsla með greiðslukorti farþegans á áfangastað. Ökumaðurinn kvaðst hafa ákveðið að aka af stað með farþegann, þar sem hann sat í aftursæti bifreiðarinnar, til þess að finna annan posa eða hraðbanka til þess að ganga frá greiðslu. Farþeginn mun hafa verið því andvígur. Farþeginn hafi þá, samkvæmt ökumanninum, skyndilega opnað hurðina og stökkið út úr bifreiðinni á ferð. Að sögn ökumanns var ökuhraðinn um 40 km/klst þegar farþeginn fór út úr bifreiðinni um 300 metra frá hótelinu og féll í götuna. Við það hlaut hann alvarlega höfuðáverka. Ökumaðurinn stöðvaði bifreiðina og reyndi að koma farþeganum til aðstoðar. Neyðarlinunni var tilkynnt um slysið af öðrum ökumanni sem kom að slysstað. Farþeginn missti meðvitund við fallið og lést á spítala þann 3. september af völdum áverka sem af slysinu hlutust.

Áverkar

Farþeginn hlaut banvæna höfuðáverka eftir að hafa skolið í götuna. Engin ummerki voru um að ekið hefði verið á farþegann.

Ökutækið

Bifreiðin var af gerðinni Hyundai Trajet, nýskráð árið 2007. Bifreiðin var útbúin lítið slitnum vetrarhjólborðum. Við skoðun á bifreiðinni kom ekki í ljós nein bilun varðandi hurðabúnaðinn né öryggisbelti.

Vegur og umhverfi

Gatan þar sem slysið átti sér stað er með bundnu slitlagi og upplýst með ljósastaurum. Veður var gott, þurr en myrkur.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Ekki var framkvæmd áfengis- eða lyfjamæling, hvorki á ökumanninum né farþeganum sem lést.

Orsakagreining

- Farþegi féll út úr leigubifreið á ferð

Ábending

Að sögn ökumanns leigubifreiðarinnar fór farþeginn viljandi út úr bifreiðinni á ferð. Sennilega hefur farþeginn ekki áttað sig á því hversu hættulegt það er að falla út úr ökutæki á ferð. Ávalt er mikil hætta á að fá lífshættulega áverka eins og raunin varð í þessu slysi.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir jafnframt á að ökumenn ættu ekki að aka af stað með farþega sem eru því andsnúnir.

Athugasemd

Áfengis- og lyfjamælingar í alvarlegum slysum

Rannsóknarnefnd samgönguslysa gerir athugasemd við að ekki var framkvæmd áfengis- og lyfjamæling á ökumanni bifreiðarinnar né farþeganum sem lést. Nefndin hefur áður bent á nauðsyn þess að útiloka þann þátt í rannsóknum allra alvarlegra umferðarslysa.



Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 10. október 2019

Rannsóknarnefnd samgönguslysa